Til Kristjan [illegible]

LEIDARBRÉF.

Með sínu lagi.

Vér Garðarshólma göfug börn
það gjörum kunnugt öllum,
og vitnum undir einn og hvörn
á undirlendi' og fjöllum:
að *Kristián* heitinn halur er
er hyggst til Fróns að sigla,
og seggi hvörjum sveyum vér
er sig við honum vill ygla.

Dökkur er á brún og brá
bláeygur og hvatur;
mikill veksti' er valla sá
til vika sjaldan latur;
hann mælir vel á túngur tvær
— og tölur liðugt þylur —
og ennþá fleiri eru þær
er hann kann og skilur.

Greiðvikinn og góður er
glaður á fundum manna;
hann drekkur puns og vín sem vér
það vitum gjör að sanna;
hann tóbakspípu títt í munn
tekur og vindla reykir,
og vel þau eru' honum kumlin kunn
þar krásir þórir steikir.



Vér lýsum því að listamann
lýðir meiga' hann kalla,
því íþróttir hann allar kann
sem íta prýða snjalla;
hann sendir kúlur um klæðis skeið
svo kappa furðar alla,
og strýtum ber svo bráðan deyð
í bragði' að níu falla.

En lumbur spila' ei' litum neinn
svo lista vel í heimi,
hann gjörir krukkur ætíð einn
þótt aungvan til þess dreymi —
Hann reyndum bræðra bestan vér
ef bit var einhvörjum feingin;
För nú hals eigi' heptið þér!
hér er drepsótt eingin.

Þá skulu vinir skiljast að
skilnaðarstund er bitur,
en huggar oss þig hryggi' ei' það
heim að með þér flytur
hugi góða' og hjörtu vor
horskrar móður niðja;
Gæfan öll þín greiði spor
þess gjörum allir biðja!

(Magn. Ha[illegible])
